

Stafrænar myndir II

*Undirstöðuatriði í meðhöndlun
og geymslu stafrænna ljósmynda*



Til góðra verka!

Til hvers tókum við myndir?

Við tókum myndir m.a. til þess að varðveita augnablikið, deila lífi okkar með öðrum og einnig til að tjá okkur (listsköpun). Fyrir allt þetta þurfa þessi lykilatriði að vera í lagi:

1. Færa myndir af myndavél yfir á tölvu.
2. Örugg geymsla á myndum.
3. Flokkun til að skipuleggja myndasafnið - slíkt auðveldar aðgengi síðar meir.
4. Myndvinnsla – laga rauð augu o.þ.h.
5. Miðlun mynda til annarra.

Hér fyrir neðan er farið yfir hvernig nota má hugbúnaðinn Picasa frá Google til að öll þessi atriði séu í lagi. Miðað er við útgáfu 3.0.0 af Picasa. Hægt er að sækja þennan hugbúnað frítt á slóðinni picasa.google.com. Síðar verður hægt að fá Picasa 3.0.0 á íslensku – en í þessum bæklingi er unnið með enska útgáfu.



Færa myndir af myndavél yfir á tölvu

Þetta er það sem þarf að gera fyrst. Best er að gera þetta þegar minniskortið er við það að fyllast eða þegar búið er að taka röð mynda sem eiga vel saman og geta farið í sérstaka möppu.

1. Tengdu myndavélina við tölvuna með því að nota leiðsluna sem fylgdi með myndavélinni.
2. Opnaðu Picasa. Efst til vinstri er hnappur sem heitir „**Import**” – smelltu á hann. Smelltu næst á „**Select Device**” – ef allt er eðlilegt getur þú valið myndavélina þína af listanum sem birtist.
3. Til að flytja inn allar myndir af minniskortinu smelltu á „**Import All!**”
4. Næst biður Picasa þig um nokkrar upplýsingar:
 - a. „**Enter a folder name...**” – Hér skal skrá nafnið á þeirri möppu sem myndirnar verða vistaðar í. Gott er að nafnið sé lýsandi fyrir þessa myndaröð.
 - b. „**Location where...**” – Hvar mappan verður vistuð. Algengast er að nota „My Pictures.”
 - c. „**Place taken, date, description**” – Staðsetning, dagsetning og nánari lýsing.
 - d. „**After copying...**” – Hér segir þú Picasa hvað þú vilt gera við myndirnar á minniskortinu eftir að búið er að flytja þær á tölvuna. Öruggst er að velja „Do nothing” – þá halda myndirnar sér á minniskortinu. Öruggst er að eyða myndunum ekki út af myndavélinni fyrr en búið er að taka öryggisafrit í gegnum Picasa (sjá „Geymsla á myndum”).
5. Að lokum er smellt á „**Finish!**” Picasa flytur myndirnar inn og setur fókusinn á möppuna sem þær eru vistaðar í.
6. Áður en myndunum er eytt af minniskortinu er rétt að taka öryggisafrit með Picasa (sjá „Geymsla á myndum”).


Sumar tölvur eru með tengieiningu (kortalesara), þannig að hægt er að taka minniskortið úr myndavélinni og stinga því beint inn í tölvuna. Ef það er hægt á þinni tölvu er það besta leiðin til þess að færa myndirnar af minniskortinu og yfir í tölvuna.

Geymsla á myndum - Við gerum okkur ekki alltaf grein fyrir því að myndir sem okkur finnast lítt merkilegar í dag geta verið ómetanlegar eftir 20-40 ár. Ýmislegt getur valdið því að við töpum myndunum okkar ef ekki er rétt staðið að varðveislu þeirra. Algengasta ástæðan er sú að harðir diskar í tölvum hrynja. Þeir geta hrundið hvenær sem er. Myndirnar þínar eru EKKI öruggar þó að þær hafi verið færðar af myndavélinni og inn í tölvuna. Lausnin á þessu er að taka reglulega tvö afrit af myndunum sínum og geyma afritin svo á mismunandi stað. Picasa frá Google gerir mögulegt að afrita þær myndir sem ekki hafa enn verið afritaðar. Þetta er mikilvægur eiginleiki því eftir því sem myndasafnið stækkar. Mun hentuga er að taka aðeins afrit af því sem ekki hefur áður verið afritað og geyma alltaf eldri afrit. Þetta leysir Picasa með einfaldri aðgerð:

1. Tools->Backup pictures.
2. Velja „Select all.“
3. Setja DVD eða CD disk í brennarann á tölvunni.
4. Smella á „Burn.“
5. Þegar diskurinn er tilbúinn er gott að merkja hann með dagsetningu og geyma hann annars staðar en á heimilinu. Ef tölvan glatast þá áttu diskinn, ef diskurinn tapast þá áttu myndirnar á tölvunni. Ólíklegt er að hvort tveggja gerist á sama tíma.
6. Eftir að hafa tekið öryggisafrit er óhætt eyða þeim myndum af minnis-kortinu sem hafa verið fluttar inn í Picasa. Flestar myndavélar bjóða upp á eina aðgerð sem hreinsar allar myndir út af minnis kortinu.

Hver er munurinn á DVD og CD diskum? CD diskar rúma yfirleitt um 0,7 GB (700MB) á meðan að algennt er að DVD diskar rúmi 4,2 GB eða 6 sinnum meira. Það er ekki óálengt í dag að nota 1GB minniskort í myndavélar. Þess vegna er stór kostur að geta notað DVD diska til að afrita myndir sínar þar sem þá þarf sex sinnum færri diska fyrir sama gagnamagn.

Flokkun - Með því að nota Picasa til að flytja myndir inn í tölvuna er strax búið að flokka myndir í möppur þar sem hver tæming á myndavél er í einni möppu. Picasa 3 býður einnig upp á fleiri gagnlegar leiðir til að flokka myndir. Hægt er að flokka myndir í albúm og svo er líka hægt að skrá eitt eða fleiri leitarorð á myndir. Albúm er safn af myndum. **Dæmi:** Barnið mitt á afmæli og ég vil setja safn af myndum af því á vefinn fyrir vini og ættingja að skoða. Til að gera þetta í Picasa fer ég í **File->New Album**. Hér skrái ég inn grunn upplýsingar um þetta nýja albúm eins og nafn (name) og lýsingu (description). Segjum að nýja albúmið mitt heiti „Sigurjón Óli 4 ára.“ Til að bæta myndum inn í albúmið þarf ég einfaldlega að velja viðkomandi mynd (eða myndir), hægri smella og velja „Add to Album->Sigurjón Óli 4 ára.“ Eftir að albúmið er tilbúið er auðvelt að taka allar myndirnar í albúminu og miðla þeim með því að setja þær á vefinn, brenna geisladisk með þeim, útbúa myndasýningu (slideshow) svo séu nefnd nokkur dæmi.




Hægt að skrá leitarorð (Tag) á myndir, eitt eða fleiri. Síðar er svo hægt að finna allar þær myndir sem hafa tiltekin leitarorð. Í Picasa eru leitarorð kölluð „Tag.“

Til að skrá leitarorð á tiltekna mynd þarf að velja víðeigandi myndir (eina eða fleiri) og svo smella á hnappinn sem örin bendir á. Næst birtist gluggi þar sem leitaorð er skráð undir „Add Tag“ og svo smellt á hnappinn „Add.“

Dæmi: Segjum að ég vilji eiga myndir af öllum kökum sem hafa verið bakaðar á heimilinu. Í hvert skipti sem kaka er bökuð tek ég mynd af henni. Jafnóðum og þessar myndir eru fluttar inn í Picasa þá bæti ég leitarorðinu „kaka“ inn á bestu myndina af hverri köku. Eftir þetta þarf ég aðeins að skrifa orðið „kaka“ efst til hægri í Picasa (hægra megin við stækkunarglerið) – og þá birtir Picasa allar myndir sem hafa þetta leitarorð.

Myndvinnsla - Picasa er jafn notendavænt þegar kemur að myndvinnslu eins og öllu öðru. Til að vinna með mynd er einfaldlega tvísmellt á hana. Þá birtist myndin hægra megin (stór) og nokkrar aðgerðir í valmynd til vinstri. **Dæmi:** Til að laga rauð augu er tvísmellt á myndina og smellt á hnappinn „Redeye.“ Picasa reynir að gera þetta sjálfvirkt og merkir það með grænum kössum. Til að gera þetta handvirkt er vinstri hnappur notaður til að draga kassa utanum svæði sem þarf að laga. Ýttu á „Apply“ til að vista breytingar eða „Cancel“ til að hætta við.

Það er óvitlaust að skrifa hjá sér hvaða leitarorð eru notuð til að hafa yfirlit yfir þau á einum stað. Vegna þess að íslenskan er með beygingar er hvítleitt að finna ekki mynd því að leitarorð myndar var sett í öðru falli heldur en leitað var með.



Miðlun - Picasa gerir það auðvelt að miðla myndum til annarra. Vinsæl leið er að setja myndirnar sínar á Internetið með Picasaweb. Þetta er gert með því að velja myndirnar inn í Picasa og smella svo á hnappinn „Upload“ (sjá mynd hér til vinstri). Það þarf að stofna aðgang hjá Picasaweb en það er ókeypis.

Með Picasa 3 er einnig hægt að búa til kvikmynd (hreyfimynd) úr safni mynda, brenna geisladisk, senda í tölvupósti og margt fleira.

Aðrir bæklingar í þessari ritröð:

- Stafrænar myndir 1 – Taktu góðar myndir.